

Janúar 2026



Saman gegn sóun

Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2026-2037

| Drög að stefnu í umsagnarferli

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
1.1 Hvað eru úrgangsforvarnir?.....	4
1.2 Tilurð stefnu um úrgangsforvarnir.....	5
2. Framtíðarsýn.....	7
3. Áherslur - efnisflokkar.....	8
4. Meginmarkmið.....	10
Meginmarkmið 1: Að draga markvisst úr magni úrgangs.....	11
Meginmarkmið 2: Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu.....	13
Meginmarkmið 3: Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu.....	15
Meginmarkmið 4: Að hringrásarlausnir nái að festa rætur.....	17
Meginmarkmið 5: Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi.....	19

Myndaskrá

Mynd 1. Ávinningur af virkum úrgangsforvörnum.....	3
Mynd 2. Forgangsroðun við meðhöndlun úrgangs (úrgangspríhyrningurinn).....	5
Mynd 3. Uppbygging stefnunnar, sem grundvallast á niðurstöðum úr stöðumati og valkostagreiningu.	6
Mynd 4. Orðin sem komu upp í hugum þátttakenda á vinnustofum um land allt þegar spurt var um framtíðarsýn Íslands í úrgangsforvörnum. Stærsta lettrið sýnir orð sem oftast voru nefnd og smærra letur þau sem sjaldnar voru nefnd.....	7
Mynd 5. Efnisflokkar sem lögð er áhersla á í stefnunni.	8

1. Inngangur

Úrgangsforvarnir gegna lykilhlutverki í sjálfbærri nýtingu auðlinda og hafa jafnframt margvíslegan ávinning í för með sér. Þær draga úr fjárhagslegum og umhverfislegum kostnaði, eru undirstaða virks hringrásarhagkerfis og órjúfanlegur hluti af vegferð Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum.

Með því að leggja áherslu á nýtni, nægjusemi, endingu, gæði, deiliahagkerfi, viðgerðir og aðra þætti úrgangsforvarna má fyrirbyggja að úrgangur verði til og draga þannig úr þörfinni fyrir sífellt nýjar auðlindir í framleiðslu.

Markvissar úrgangsforvarnir hafa víðtæk og jákvæð áhrif í gegnum alla virðiskeðjuna, frá hráefnavinnslu til neyslu og úrgangsmeðhöndlunar (mynd 1).

Ábyrgari auðlindanýting

Með markvissum úrgangsforvörnum má draga úr þörfinni fyrir ný hráefni, spara orku og vernda náttúruleg svæði gegn frekari röskun.

Vernd líffræðilegs fjölbreytileika

Minni eftirspurn eftir auðlindum dregur úr búsvæðaeyðingu og ofnýtingu tegunda.

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda

Með því að draga úr framleiðslu, flutningi vara og meðhöndlun úrgangs drögum við úr orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda.

Minni mengun

Minni auðlindanýting hefur í för með sér minni mengun í allri virðiskeðjunni, til dæmis með minni beinni losun í loft, jarðveg og sjó. Minna magn úrgangs minnkar einnig bein neikvæð áhrif af meðhöndlun úrgangs.

Fjárhagslegur ávinningur

Með auknum líftíma vöru, viðgerðum, nægjusemi, deiliahagkerfi og nýrri nálgun í framleiðslu og neyslu er hægt að draga verulega úr kostnaði við að reka allt í senn heimili, fyrirtæki og samfélög til lengri tíma litið. Einnig er ávinningur af minna álagi á kerfi úrgangsmeðhöndlunar og lægri rekstrarkostnaði.

Mynd 1. Ávinningur af virkum úrgangsforvörnum.

Með þessari stefnu er lagður grundvöllur að samstilltu átaki um aukna hringrás og minni sóun, sem miðar ekki hvað síst að því að fyrirbyggja að úrgangur verði til.

Augljós ávinningur er fyrir framtíðarkynslóðir af því að sporna við ofneyslu og óþarfa ágangi á auðlindir jarðar, í því augnamiði að tryggja lífsviðurværi, velferð og heilbrigt umhverfi til lengri tíma litið.

Mikil tækifæri eru fólgin í úrgangsforvörnum fyrir íslenskt samfélag. Með þeim má draga úr samfélagslegum kostnaði, létta á umhverfinu og skapa verðmæti með nýjum hætti í samfélagsgerð sem styður við velferð einstaklinga án þess að ganga um of á náttúruna.

Stefna þessi er liður í viðbragði stjórnvalda við brýnum áskorunum samtímans – ofneyslu, úrgangi og óhóflegri auðlindanýtingu – og með henni er m.a. lagður grunnur að ábyrgari og sjálfbærari framtíð. Stefnan var unnin í víðtæku samráði við haghafa með það að leiðarljósi að hægt verði að ná markmiðum hennar í víðtækri sátt við samfélagið allt og umhverfi.


1.1 Hvað eru úrgangsforvarnir?

„Ráðstafanir sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi og draga úr:

- i. magni úrgangs, þ.m.t. með endurnotkun vara eða framlengingu á notkunartíma vara,
- ii. neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs sem hefur myndast, eða
- iii. innihaldi skaðlegra efna.“¹

Úrgangsforvarnir gegna lykilhlutverki í hringrásarhagkerfinu en þær eru ein skilvirkasta leiðin til að bæta auðlindanýtingu og draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum vegna úrgangs. Úrgangsforvarnir eru ekki eingöngu umhverfismál; þær eru nátengdar efnahagslegri seiglu og félagslegri vellíðan. Með því að draga úr myndun úrgangs getur Ísland minnkað neikvæð umhverfisáhrif sín, aukið auðlindaöryggi og skapað ný, græn störf með nýsköpun í hringrásarhagkerfi.

¹ Skilgreining á hugtakinu úrgangsforvarnir skv. 3. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.



Mynd 2. Forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs (úrgangspríhyrningurinn).

Auk þess geta úrgangsforvarnir dregið úr þörfinni fyrir kostnaðarsamar meðhöndlunarlausnir, eins og brennslu og urðun, og hjálpað Íslandi að færast nær markmiðum sínum í loftslagsmálum.

Í úrgangsmálum er unnið eftir skýrri forgangsröðun sem bundin er í lög² og oft er kennd við úrgangspríhyrninginn (mynd 2). Úrgangspríhyrningurinn er grundvöllur að allri stefnumótun í úrgangsmálum. Því ofar sem aðgerð er í úrgangspríhyrningnum því fýsilegri er sá valkostur. Samkvæmt úrgangspríhyrningnum eru úrgangsforvarnir því mikilvægastar allra úrgangsaðgerða, því næst undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnsla, önnur endurnýting og lakasti kosturinn er förgun.

1.2 Tilurð stefnu um úrgangsforvarnir

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur það lögbundna hlutverk að gefa út almenna stefnu um úrgangsforvarnir til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt.³ Árið 2016 var fyrsta slíka stefnan hér á landi gefin út undir yfirskriftinni *Saman gegn sóun*, með gildistíma til 2027. Á að lágmarki sex ára fresti ber ráðherra að meta gildandi stefnu og taka ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða hana. Var það gert og hefur vinna við nýja stefnu staðið yfir frá árinu 2023. Ný stefna mun taka við af fyrri stefnu við útgáfu.

² Sbr. 7. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

³ Sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Drög þessi byggja á tillögu Umhverfis- og orkustofnunar að nýrri stefnu og [Stöðumati og valkostum í úrgangsforvörnum](#) sem stofnunin vann sem lið í mótun stefnunnar. Þar er lýst því viðtæka samráði sem fór fram við undirbúning stefnunnar auk þess sem þar eru nánari upplýsingar um málaflokkinn og greining á núverandi stöðu hans. Má þar meðal annars finna samantekt á tölfræði sem til er um úrgangsforvarnir og úrgangsmál á Íslandi, auk lýsingar á þeim ráðstöfunum við úrgangsforvarnir sem þegar eru fyrir hendi og gagnsemi þeirra.



Mynd 3. Uppbygging stefnunnar, sem grundvallast á niðurstöðum úr stöðumati og valkostagreiningu.

Framkvæmd stefnunnar felst m.a. í aðgerðaáætlun sem gefin verður út samhliða stefnunni og gildir til nokkurra ára í senn. Auk þess eru nú þegar í gildi aðrar aðgerðaáætlanir sem þýðingu hafa fyrir úrgangsforvarnir í landinu. Ber þar helst að nefna aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn matarsóun, *Minni matarsóun*, en einnig *Úr viðjum plasticsins*, aðgerðaáætlun í plastmálefnum. Gert er ráð fyrir áfram verði unnið að framkvæmd þessara áætlana, með hliðsjón af þessari stefnu eftir því sem við á. Jafnframt ber að nefna *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum* en í henni er m.a. fjallað um loftslagsávinning af úrgangsforvörnum sbr. aðgerðir S.7.A.1 og S.7.A.2. Áherslur sem settar eru fram í þessari stefnu styðja einnig við framkvæmdina á innkaupastefnu ríkisins, *Sjálfbær innkaup*, auk þess sem framkvæmd stefnu um úrgangsforvarnir er í heild sinni öflugt verkfæri til að innleiða flest af átta undirmarkmiðum heimsmarkmiðs Sameinuðu þjóðanna nr. 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu.

2. Framtíðarsýn

Á Íslandi er öflugt hringrásarhagkerfi þar sem verulega hefur dregið úr magni úrgangs, endurvinnsla hefur aukist og úrgangur er ekki lengur urðaður. Með því hefur sóun minnkað og nýting náttúruauðlinda orðið sjálfbærari, auk þess að styðja við árangur í loftslagsmálum.

Í neyslusamfélagi nútímans er brýnt að ráðast í breytingar til að minnka úrgangsmagn og draga úr þeim áhrifum sem úrgangur hefur. Þessar breytingar fela í sér endurhugsun, breytta hegðun og menningu og að einhverju leyti endurmati á því hvað felist í lífsgæðum, sem getur reynst áskorun og reynir á samstöðu og samvinnu í samfélaginu. Kyrrstaða í þessum efnum hefði þær afleiðingar að neysla, og þar með úrgangur, héldi áfram að aukast ár frá ári, með tilheyrandi kostnaði og umhverfis- og loftslagsáhrifum. Með því að vinna í átt að þessari framtíðarsýn getur Ísland orðið leiðandi í úrgangsforvörnum.



Mynd 4. Orðin sem komu upp í hugum þátttakenda á vinnustofum um land allt þegar spurt var um framtíðarsýn Íslands í úrgangsforvörnum. Stærsta lettrið sýnir orð sem oftast voru nefnd og smærra letur þau sem sjaldnar voru nefnd.

3. Áherslur - efnisflokkar

Úrgangsforvarnir eiga við um allan úrgang sem myndast á Íslandi. Hins vegar eru ákveðnir efnisstraumar sem ástæða er til að leggja sérstaka áherslu á til að styðja við árangur í úrgangsforvörnum á gildistíma stefnunnar. Þessir efnisstraumar eru stórir og vaxandi hér á landi, hafa mikil umhverfisáhrif, eru viðfangsefni alþjóðlegrar stefnumótunar sem Ísland lítur til á sviði hringrásarmála og lentu ofarlega í forgangs röðun haghafa við samráð um gerð stefnunnar. Þeir flokkar sem eru í áherslu eru: matvæli, textíll, byggingar, raftæki, umbúðir og þýðingarmikil hráefni⁴.



Mynd 5. Efnisflokkar sem lögð er áhersla á í stefnunni.

Undir áhersluflokkinn matvæli fellur meðal annars matarsóun sem er áskorun sem hefur ekki einungis í för með sér óþarfa auðlindanýtingu, heldur er hún einnig stórt loftslagsmál og tengist beint efnahag fólks í landinu. Nauðsynlegt er því að vinna markvisst að minni matarsóun. Í haust sem leið setti ESB jafnframt

⁴ Þýðingarmikil hráefni eru til dæmis sjaldgæfir málmar sem notaðir eru í rafhlöður, rafleiðara, raftæki og segla, hráefni til álframleiðslu, fosfór, magnesín, grafit og helíum.

lögbundin, töluleg markmið til ársins 2030 sem búast má við að verði tekin upp í EES-samninginn og Ísland þurfi að uppfylla. Enn fremur er unnið eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en markmið 12.3 felur í sér samdrátt í matarsóun fyrir árið 2030.

Raftæki er viðtækur og flókinn efnisflokkur og sýna fyrirliggjandi gögn að töluvert meira af raftækjaúrgangi fellur til á hvern Íslending en meðal Evrópubúa. Raftæki eru samsett úr mörgum mismunandi efnum sem getur gert endurvinnslu flókna og kostnaðarsama. Einnig innihalda raftæki þýðingarmikil hráefni sem mikið virði er fólgið í að halda í hringrás. Þá eru einnig tækifæri fólgin í því að lengja líftíma raftækja.

Textíll er einnig efnisflokkur í áherslu. Magn textílúrgangs sem Íslendingar losa sig við er mikið og á síðustu árum hafa gæði efnisins dregist saman. Umhverfisáhrif af framleiðslu textíls eru töluverð og líftími hvernar flíkur fer minnkandi með aukinni hraðtísku og netverslun. Evrópuríki standa frammi fyrir miklum áskorunum við meðhöndlun á textílúrgangi þar sem framboð er mikið en eftirspurn eftir endurunnum textíl er lítil enn sem komið er. Því er mikið virði falið í því að minnka magn textíls sem fer í umferð og auka gæði hans.

Umbúðir er efnisflokkur sem snertir almenning mikið og nokkuð stór hluti heimilisúrgangs samanstendur af umbúðum. Þegar horft er til plasts eru 40% af plastúrgangi í Evrópu umbúðir og plastumbúðir eru helmingur af rusli sem finnst á ströndum. Fyrir dyrum stendur að taka upp nýja, metnaðarfulla reglugerð ESB um umbúðir og umbúðaúrgang, þar sem meðal annars eru sett lögbundin, töluleg markmið um samdrátt í umbúðanotkun og -magni.

Stór hluti úrgangs sem fellur til á Íslandi á uppruna sinn innan byggingargeirans. Það er því mikill ávinningur af því að draga úr byggingar- og niðurrifsúrgangi, auka hringrás byggingarefna og draga þannig úr eftirspurn eftir nýjum hráefnum og losun gróðurhúsalofttegunda.

Þýðingarmikil hráefni hafa á síðustu misserum fengið aukna athygli, ekki síst á vettvangi ESB, sem hefur það að markmiði að auka sjálfstæði Evrópu þegar kemur að framboði þessara efna. Þau hafa mikla efnahagslega þýðingu og eru nauðsynleg grænum umskiptum en framboð þeirra er ótryggt þar sem þau eru ýmist af skorum skammti í heiminum eða framleiðsla þeirra er einskorðuð við fá ríki, jafnvel bara eitt ríki, og framboð því háð góðum viðskiptasamböndum og stöðugu stjórnmálaástandi.

4. Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar eru mótuð í samræmi við framtíðarsýn og áherslur. Markmiðin eiga einnig kjölfestu í lögum um meðhöndlun úrgangs og löggjöf Evrópusambandsins um úrgang.

- 1** Að draga markvisst úr magni úrgangs
- 2** Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu
- 3** Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu
- 4** Að hringrásarlausnir nái að festa rætur
- 5** Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi

Hverju meginmarkmiði er lýst nánar hér að neðan. Til að fylgjast með framgangi stefnunnar eru settir fram árangursvísar fyrir hvert meginmarkmið sem hægt verður að fylgjast með þróun á. Sumir árangursvísanna endurspeglu lögbundin, töluleg markmið sem sett hafa verið og í þeim tilfellum er tekið mið af þeim.

Meginmarkmið 1: Að draga markvisst úr magni úrgangs

1 Að draga markvisst úr magni úrgangs

Fyrsta meginmarkmið stefnu um úrgangsforvarnir er að draga markvisst úr magni úrgangs sem fellur til í landinu. Lögð er áhersla á allan úrgang fyrir utan jarðvegs- og jarðefnaúrgang. Með því að draga úr magni úrgangs er hægt að minnka:

- Losun gróðurhúsalofttegunda vegna meðhöndlunar úrgangs
- Umhverfisáhrif, m.a. af flutningi úrgangs
- Kostnað almennings, fyrirtækja og sveitarfélaga við meðhöndlun úrgangs
- Mengun af völdum förgunar úrgangs

Meðhöndlun úrgangs er kostnaðarsöm fyrir almenning og fyrirtæki, auk þess sem hún felur í sér mikil umhverfis- og loftslagsáhrif, bæði innan og utan Íslands. Með aukinni áherslu á úrgangsforvarnir er mögulegt að lækka kostnað samfélagsins og umhverfisáhrif af völdum úrgangsmeðhöndlunar. Undir þetta falla m.a. umbúðir og annar heimilisúrgangur, byggingar- og niðurrifsúrgangur, textíluúrgangur og raftækjaúrgangur. Einnig sem nauðsynlegt er að draga úr matarsóun. Meginmarkmið 1 styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 12.3 um minnkun á matarsóun í virðiskeðjunni, heimsmarkmið 12.5 um úrgangsforvarnir og aukna endurvinnslu og heimsmarkmið 12.7 um opinber innkaup.

Árangursvísar

Eftirfarandi mælikvarðar verða notaðir til að leggja mat á það hvernig gengur að minnka magn úrgangs á Íslandi. Mælikvarðarnir samanstanda aðallega af gögnum sem þegar er safnað og eru hluti af árlegri skýrslugjöf stjórnvalda um magn og meðhöndlun úrgangs.

Mælikvarðar fyrir meginmarkmið 1: Að draga markvisst úr magni úrgangs

Mælikvarði	Eining	Staða 2023	Markmið	Ábyrgð/ gagnasafn
A Heildarmagn úrgangs á Íslandi (fyrir utan jarðefna- og jarðvegsúrgang)	kg/íbúa á ári	1.638		Umhverfis- og orkustofnun
B Magn heimilisúrgangs	kg/íbúa á ári	596		Umhverfis- og orkustofnun

Mælikvarði	Eining	Staða 2023	Markmið	Ábyrgð/ gagnasafn
C Matarsóun	kg/íbúa á ári	160	Minnkun um 10% í matvælaframleiðslu og 30% á smásölumarkaði og hjá neytendum, hvort tveggja fyrir lok árs 2030 m.v. meðaltal 2021–23 ⁵	Umhverfis- og orkustofnun
D Textílúrgangur	kg/íbúa á ári	24		Umhverfis- og orkustofnun
E Umbúðaurgangur	kg/íbúa á ári	145	Minnkun um 5% fyrir 2030 m.v. 2018 (10% árið 2035; 15% árið 2040) ⁶	Umhverfis- og orkustofnun
	Breyting (kg/íbúa á ári)	-2% m.v. 2018		
F Byggingar- og niðurrifsúrgangur	kg/íbúa á ári	298		Umhverfis- og orkustofnun
G Raftækjaúrgangur	kg/íbúa á ári	14		Úrvinnslu-sjóður
H Fjöldi plastburðarpoka	stk/íbúa á ári	34	Að hámarki 40 frá 2025 ⁷	Úrvinnslu-sjóður

⁵ Tilskipun 2008/98/EB, gr. 9a(4).

⁶ Reglugerð (ESB) 2025/40, gr. 43(1).

⁷ Reglugerð (ESB) 2025/40, gr. 34(1).

Meginmarkmið 2: Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu

2 Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu

Magn úrgangs er beintengt við efnisnotkun í samfélaginu. Lögð er áhersla á að draga úr ofneyslu í samfélaginu og ýta undir nægjusemi og á sama tíma styðja við sjálfbæra framleiðsluhætti. Með þessu er hægt að draga úr:

- Auðlinda- og orkunotkun
- Losun vegna framleiðslu og flutninga
- Markaðssetningu vara með stuttan líftíma og þjónustu sem ekki samræmist hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins

Mikilvægt er að í samfélaginu ríki viðgerðarmenning, að deilihagkerfi sé við lýði og að einblínt sé á endingargóða hönnun, en fyrst og fremst á minni neyslu og endurnotatá því hvað það er sem skiptir máli fyrir lífsgæði fólks í landinu. Ábyrg neysla er ein þungamiðja úrgangsforvarna og í henni felst breyting á hugarfari þar sem áhersla er á að hver og einn meti hvort að kaup á vöru eða þjónustu séu nauðsynleg eða hvort hægt sé að velja aðrar leiðir að sama markmiði. Hluti af því er að auðvelda neytendum að velja endingargóðar vörur. Til þess þarf bæði að fræða neytendur og styðja við fyrirtæki. Fyrirtæki sem framleiða endingargóðar vörur og umhverfisvottaðar vörur þurfa að vera sýnilegri, en einnig fyrirtæki sem bjóða upp á aðra valkosti, svo sem þjónustu í stað vöru, viðgerðarþjónustu eða deililausnir.

Mikilvægt er að framboð sé gott af endingargóðum vörum sem hægt er að gera við, endurnota eða endurframleiða. Meginmarkmiðið styður við heimsmarkmið 12.1 um sjálfbæra neyslu og heimsmarkmið 12.2 um sjálfbæra nýtingu auðlinda.

Árangursvísar

Eftirfarandi mælikvarðar verða notaðir til að leggja mat á það hvernig gengur að draga úr ofneyslu á Íslandi með ábyrgri framleiðslu og nægjusemi. Þeir fela í sér mat á efnisflæði en með því er átt við hversu mikið af vöru berst annars vegar inn til landsins og hins vegar út úr því.

Mælikvarðar fyrir meginmarkmið 2: Að stuðla að nægjusemi og ábyrgri framleiðslu auk þess að draga úr ofneyslu.

Mælikvarði	Eining	Staða 2023	Ábyrgð/ gagnasafn
A Efnisflæði umfram-neysluvöru	kg/íbúa	-	Hagstofa Íslands
B Efnisflæði textíls	kg/íbúa	-	Hagstofa Íslands
C Efnisflæði raftækja	kg/íbúa	-	Hagstofa Íslands

Meginmarkmið 3: Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu

3 Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu

Til að breytingar geti orðið þarf þekking að vera til staðar. Búa þarf til sameiginlegan skilning almennings, atvinnulífs og stjórnvalda á málefnum og mikilvægi þess. Aukin þekking á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu byggir á:

- Betri gögnum um hringrásarhagkerfið
- Meiri þekkingarmiðlun til almennings um úrgangsforvarnir
- Aukinni áherslu á málefnið hringrásarhagkerfi í menntakerfinu
- Stuðningi og fræðslu til atvinnulífs

Til að Ísland geti orðið leiðandi ríki í úrgangsforvörnum þarf samfélagsþekkingu á áhrifum ofneyslu og ávinning þess að draga úr magni úrgangs. Betri gögn og aukin fræðsla eru undirstöður aukinnar þekkingar. Eftirspurn er eftir fræðslu og miðlun upplýsinga um málefnið sem miða að almenningi, atvinnulífi, menntakerfinu og stjórnvöldum. Ólíkir markhópar kalla á ólíka nálgun en einnig þarf að taka tillit til þess að hlutverk markhópanna í hringrásarhagkerfi er mismunandi. Hægt er að vinna að aukinni þekkingu til dæmis með gerð náms- og kennsluefnis, beinu samtali við atvinnulífið, auglýsingaherferðum o.s.frv. Meginmarkmiðið styður við heimsmarkmið 12.8 um að fólk sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.

Árangursvísar

Eftirfarandi mælikvarðar verða notaðir til að leggja mat á það hvernig gengur að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu. Þeir mælikvarðar sem horft er til eru meðal annars úr Íslensku æskulýðsrannsókninni, sem er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir árlega í grunnskólum. Einnig er horft til könnunar meðal kennara sem framkvæmd var fyrir Umhverfis- og orkustofnun um kennslu um hringrásarhagkerfið.

Mælikvarðar fyrir meginmarkmið 3: Að auka þekkingu á úrgangsforvörnum og hringrásarhagkerfinu

Mælikvarði	Staða 2023	Ábyrgð/gagnasafn
A Hlutfall Íslendinga sem þekkja til hringrásarhagkerfis	-	Umhverfis- og orkustofnun
B Hlutfall kennara sem telja næga kennslu/fræðslu vera um hringrásarhagkerfi	20%	Umhverfis- og orkustofnun
C Hlutfall nemenda sem þekkja helstu hugtök hringrásarhagkerfis*	-	Umhverfis- og orkustofnun
D Hlutfall nemenda sem þekkja til helstu hugtaka matarsóunar*	-	Umhverfis- og orkustofnun

*Íslenska æskulýðsrannsóknin

Meginmarkmið 4: Að hringrásarlausnir nái að festa rætur

4 Að hringrásarlausnir nái að festa rætur

Hringrásarhagkerfið er mikilvægur hlekkur í úrgangsforvörnum. Með bættri nýtingu og aukinni hringrás auðlinda er hægt að minnka úrgang. Hringrásarhagkerfið byggir á:

- Aukinni endurnotkun
- Eflingu viðgerðarmenningar og -þjónustu
- Öflugu deiliahagkerfi
- Innleiðingu hringrásarhugsunar á hönnunarstigi
- Virku nýsköpunarumhverfi

Grunnurinn að virku hringrásarhagkerfi eru fjölþættar lausnir sem allar vinna að því marki að draga úr auðlindanýtingu í gegnum lengri líftíma, svo sem með hönnun sem miðar að meiri endingu, viðgerðarmenningu og deiliahagkerfi. Færa þarf lausnir sem ekki falla að hinu hefðbundna línulega hagkerfi nær neytendum, gera þær aðgengilegar og aðlaðandi valkost. Hægt er að auka líftíma vara töluvert með því að skapa viðgerðarmenningu og efla deiliahagkerfið en einnig með því að allt frá hönnunarstigi sé hugað að hámarks líftíma viðkomandi vöru. Þá hafa frumkvöðlar í hringrásarhagkerfinu átt erfitt uppdráttar og þó að opinbert fjármagn til hringrásarmálefna hafi aukist verulega á undanförunum árum gæti meira af því ratað í þágu úrgangsforvarna. Meginmarkmið 4 styður við heimsmarkmið 12.5 um að dregið verði úr sóun með úrgangsforvörnum, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.

Árangursvísar

Eftirfarandi mælikvarðar verða notaðir til að leggja mat á það hvernig gengur að stuðla að því að hringrásarlausnir nái að festa rætur. Hringrásarhlutfall Íslands lýsir því hversu stórt hlutfall af veltu hagkerfisins er með notaðan efnivið, til dæmis notaðar vörur eða endurnýtt hráefni. Endurnýting úrgangs hækkar hlutfallið en það verður lægra eftir því sem meira af jarðefnaeldsneyti og einnota vörum eru notaðar í hagkerfinu.

Mælikvarðar fyrir meginmarkmið 4: Að hringrásarlausnir nái að festa rætur

Mælikvarði	Eining	Staða 2023	Markmið	Ábyrgð/ gagnasafn
A Umfang endurnotkunar á Íslandi	kg/íbúa á ári	20		Umhverfis- og orkustofnun
B Hringrásarhlutfall Íslands	-	8,5% (2019) ⁸	20% (2035)	Háskóli Íslands/ Umhverfis- og orkustofnun

⁸ Guðmundur Steingrímsson (2022). Iceland's Circularity Index. Meistararitgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands.

Meginmarkmið 5: Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi

5 Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi

Hluti af úrgangsforvörnum er að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs sem hefur myndast. Þá er sérstaklega horft þess að:

- Gera umhverfissvottunum hærra undir höfði til að minnka magn skaðlegra efna í dreifingu
- Minnka umhverfisáhrif af völdum urðunar úrgangs og brennslu
- Draga úr magni rusls á víðavangi
- Takmarka notkun skaðlegra efna til að þau endi ekki í hringrás

Ef úrgangur myndast hefur hann neikvæð áhrif á náttúruna, ekki síst ef hann er ekki meðhöndlaður með réttum hætti. Rusl á víðavangi er afleiðing óskilvirkar meðhöndlunar úrgangs og hefur í för með sér bein, neikvæð áhrif á lífríki. Neikvæð áhrif verða þó jafnframt þótt úrgangur fari í viðeigandi meðhöndlun því hann veldur losun gróðurhúsalofttegunda og skaðsemi úrgangs ræðst m.a. af því hvaða innihaldsefni eru notuð í framleiðslu vara sem seinna verða að úrgangi. Þannig dregur einnig úr skaðseminni að huga að efnainnihaldi vara og nýta umhverfissvottanir m.a. til þess. Meginmarkmið 5 styður við heimsmarkmið 12.4 um umhverfissvænni meðferð efna og efnablanda og heimsmarkmið 14.1 um mengun sjávar.

Árangursvísar

Eftirfarandi mælikvarðar verða notaðir til að leggja mat á það hvernig gengur að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi.

Mælikvarðar fyrir meginmarkmið 5: Að draga úr innihaldi skaðlegra efna og neikvæðum áhrifum af úrgangi

Mælikvarði	Eining	Staða 2023	Ábyrgð/ gagnasafn
A Losun gróðurhúsalofttegunda vegna meðhöndlunar úrgangs á Íslandi	þús. tonn CO ₂ -ígilda/ári	233	Umhverfis- og orkustofnun
B Fjöldi Svansottaðra vara á markaði á Íslandi	stk.	10.300	Umhverfis- og orkustofnun
C Magn spilliefna sem fellur til á Íslandi	kg/íbúa á ári	150	Umhverfis- og orkustofnun

